

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Friðu Guðmundsdóttur frá Bæ í Árneshreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. apríl 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Friðu Guðmundsdóttur frá Bæ í Árneshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Friðu Guðmundsdóttur frá Bæ.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Árneshrepps, til minningar um Friðu Guðmundsdóttur frá Bæ, sem var fædd 3. marz 1945, d. 7. marz 1961.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. Að veita efnalitlum sjúklingum úr Árneshreppi styrk til að greiða óvenjulegan sjúkrakostnað, að því leyti, sem sá kostnaður fæst ekki greiddur af sjúkrasamlagi eða öðrum almennum styrktarsjóðum.
- b. Telji stjórn sjóðsins, á einhverju tímabili, ekki þörf á úthlutunarbæru fé sjóðsins til að gegna því hlutverki, sem um getur í a-lið þessarar greinar, er henni heimilt að veita fé úr sjóðnum til styrktar fátækum, efnilegum námsmönnum úr Árneshreppi, sem stunda nám við Háskóla Íslands, eða framhaldsnám við erlenda háskóla.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn og skal hún valin þannig: Formaður Kvenfélags Árneshrepps er sjálfkjörinn í stjórnina. Annar maður skal kosinn af aðalfundi kvenfélagsins til 4 ára í senn og hinn þriðji kosinn af hreppsnefnd Árneshrepps á fyrsta fundi nefndarinnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Varamenn skulu kosnir af sömu aðilum. Verði Kvenfélag Árneshrepps af einhverjum ástæðum leyst upp, er hreppsnefnd Árneshrepps falið að kjósa stjórn sjóðsins, þar til aftur hefur verið stofnað kvenfélag í hreppnum. Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og skal í hana rita skipulagsskrá þessa, fundargerðir stjórnarinnar, ársreikninga sjóðsins og annað það, er varðar rekstur hans.

6. gr.

Vexti og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn að upphæð kr. 15000.00 — fimmtán þúsund krónur —. Eftir það er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta styrkjum úr honum, sem svarar hálfum vöxtum. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund krónur — má úthluta á sama hátt $\frac{3}{4}$ vaxtanna. $\frac{1}{4}$ vaxtanna skal ávallt leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.